

Fundargerð stjórnar

- 73. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn föstudaginn 9. júní, 2006 að Austurvegi 52, Selfossi. (Slökkvistöð)**
Mættir: Einar G. Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn Sigurðsson.
Einnig mætti á fundinn: Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri
Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 09.00

1. Tækjamál slökkviliðs
Umræður urðu um hugsanleg kaup á slökkvibíl í slökkvistöð á Selfossi. Fyrir liggur tilboð í nýjan bíl frá Ólafi Gíslasyni & Co sömu gerðar eins og áður hefur verið keypt á útstöðvar B.A.
Samþykkt er að festa kaup á bifreið samkvæmt áður nefndu tilboði.
Samþykkt að ganga til samninga við LÍ á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs varðandi fjármögnun á bílnum.
2. Húsnæðismál slökkviliðs (Björgunarmiðstöðin)
Fyrir fundinum lá fundargerð nr. 7 frá starfshópi slökkviliðsins varðandi húsnæði Björgunarmiðstöðvar. Þar kemur fram að starfshópurinn telur að meira samráð hefði mátt vera varðandi húsgæð og innra skipulag hússins en raun hefur orðið.
Til stendur að bæta úr þessu af hálfu fulltrúa björgunarsveitarinnar sem er byggingaraðili hússins sem kemur á móts við hugmyndir fulltrúa slökkviliðsins.
3. Samningur um brunavarnir á virkjunarsvæði.
Fyrir fundinum lág undirskrifað samkomulag milli B.A. og Brunavarna Rangárvallasýslu þess efnis að B.A. mun annast brunavarnarmál á virkjunarsvæði Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnársvæði.
Samkomulag þetta tengist uppbyggingu slökkviliðs í Árnasi.
4. Trúnaðarmál.
Fært í trúnaðarbók.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 10.00

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson Snæbjörn Sigurðsson

Kristján Einarsson